



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 9/2025 (nr. 117)

Dagsetning: 18.12. 2025 kl. 15:00-16:30

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Sólveig Birna Elísabetardóttir (SBE) nemendafulltrúi, Camille Leblanc (CL), Sveinn Margeirsson (SM), Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), og Jóhanna Ey Harðardóttir (JEH), fulltrúi ráðherra. tilkynnti forföll.

Hólmfríður Sveinsdóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá 117. fundar:

- 1) Dagskrádrög fundar 117
- 2) Fundargerð fundar nr. 116
- 3) Fréttir úr starfi skólans
- 4) Kynning á Hestafræðideild – Víkingur Gunnarsson kemur inn á fundinn
- 5) Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH
- 6) Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH
- 7) Endurreisn Hóla í Hjaltadal
- 8) Önnur mál
 - a) Kynning á hugmyndum um vísindagarða í Skagafirði – Magnús Barðdal frá SSNV kemur inn á fundinn og kynnir hugmyndirnar.

Afgreiðslur:

1. Dagskrádrög fundar nr. 117. Samþykkt.
2. Fundargerð fundar nr. 116. Samþykkt.
3. Undir liðnum fréttir úr starfi skólans fór rektor yfir það helsta úr starfsemi skólans síðustu misserin. M.a. að vinna við fjárhagsáætlun HH fyrir 2026 gengur vel, vinna við sameiginlega gæðaúttekt HÍ og HH er að hefjast og að vinna við stefnumótun HH fyrir næstu 5 árin er einnig að hefjast. Tímamót voru í Hestafræðideild HH þann 12. desember sl. þegar Johannes Amplatz varði meistararitgerð sína en þetta er fyrsta meistaravörn frá Hestafræðideild Háskólans á Hólum.
4. Kynning á Hestafræðideild. Víkingur Gunnarsson, deildarstjóri Hestafræðideildar kom inn á fundinn og fór yfir starfsemi deildarinnar og það sem er í deigluinni. Það sem er í



deiglu er m.a. kennsluverkefni er fjalla um hlutlægar mælingar í knapaþjálfun, áhrif hesta á menn, endurmenntun fyrir atvinnulífið og þróun á frekara námsframboði.

5. Rector upplýsti háskólaráð um stöðuna á verkefninu um myndun háskólasamstæðu með Háskóla Íslands. Áfram er unnið í verkefninu innan beggja skóla þrátt fyrir að frumvarp um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (háskólasamstæða)“ hafi ekki verið samþykkt. Innritun og kennsluskrá verður ekki sameiginleg eins og til stóð fyrir næsta skólaár þar sem frumvarpið hefur ekki verið samþykkt. Sameiginleg upplýsingasíða mun fara í loftið í janúar 2026 með helstu upplýsingum um verkefnið og stöðu þess. Þessi upplýsingasíða er sérstaklega ætluð starfsfólki og nemendum skólanna beggja. Starfshópur hefur verið myndaður sem fjalla á um flutning Stofnun rannsóknasetra HÍ til HH. Breytingar verða gerðar í stýrihóp verkefnisins og mun aðstoðarrector HÍ koma inn í stýrihópinn ásamt nýjum fulltrúa HH.
6. Rector fór yfir stöðuna á uppbyggingu framtíðarhúsnæðis á Sauðárkróki sem og á Hólum. Undirbúningsvinna á vegum FSRE vegna útboðs fyrir uppbyggingu á kennslu og rannsóknastöðu á Sauðárkróki fyrir áfanga 1 og 2 er í gangi. Áfangi 1. Lagareldishús á Sauðárkróki - 876 fm. Áfangi 2. Kennslu- og rannsóknahúsnæði á Sauðárkróki – u.þ.b. 1500-2000 fm. Tillaga v/deiliskipulags v/áfanga 1 og 2 að Borgarflöt 35, Sauðárkróki hefur verið auglýst til umsagnar í Skiplagsgátt. Kynningartími er 26.11.2025 – 9.1.2026. FSRE er að vinna í kostnaðargreiningu á innviðum inn í lagareldishúsið ásamt kostnaði við sjólögn. Frumathugun og hönnun á nýju húsnæði Hestafræðideildar Háskólans á Hólum á Hólum í Hjaltadal hefur ekki hafist. Einnig hefur þarfagreining v/kaupa á Brúnastöðum ekki hafist. Framkvæmdaráð hefur falið rektor að skrifa minnisblað til þingmanna um stöðuna í húsnæðismálum og þá sérstaklega uppbyggingu framtíðarhúsnæðis. Háskólaráð styður það.
7. Rector fór yfir stöðuna. Minnisblað frá framkvæmdahópi á vegum forsætisráðuneytisins um endurreisn Hóla í Hjaltadal fór fyrir ríkisstjórn Íslands í lok okt. Engar frekari fréttir af málinu nema að ríkisstjórn hafi samþykkt tillögurnar í minnisblaðinu og verið sé að vinna í verkefnum. Minnisblaðið hefur ekki verið gert opinbert.
8. Önnur mál
 - a) Vísindagarðar í Skagafirði. Magnús Barðdal verkefnastjóri hjá SSNV kom inn á fundinn og kynnti hugmyndir um uppbyggingu Vísindagarða í Skagafirði í tengslum við myndun háskólasamstæðu og uppbyggingu framtíðarhúsnæðis á Sauðárkróki.

Fundi slitið kl. 16:35